

73

29. marz

8. gr.

Stofnanir, sem skipta við Innkaupastofnunina, skulu, eftir því sem við verður komið, senda henni áætlun um væntanlegar innkaupapárfir sínar á komandi ári, ekki síðar en 1. desember ár hvert.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 72 5. júní 1947, um Innkaupastofnun ríkisins, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. marz 1952.

Björn Ólafsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

74

31. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 63 15. apríl 1941.

Í stað orðanna „skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert“ í 5. grein reglugerðarinnar, komi: Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. apríl ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

75

31. marz

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð kvenfélags Laugarnessóknar“, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1952. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Kvenfélags Laugarnessóknar, Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Kvenfélags Laugarnessóknar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af fjölskyldunni á Laugarnesvegi 50, til minningar um látna systur og mágkonu, Hannveigu J. Einarsdóttur, er dó 7. janúar 1946. Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúka félaga eða aðra, sem félagskonur vilja gleðja, þegar þrengir að.